


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Jesús læknar blindan mann



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Alastair Paterson; Janie Forest
Aðlagð af: Ruth Klassen
Þýðandi: Þráinn Kristjánsson
Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org


BFC
PO Box 3
Winnipeg, MB R3C 2G1
Canada

©2020 Bible for Children, Inc.
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.

Blindur maður sem hét Bartímeus, sat við veginn nálægt Jeríkó. Líklegt er að góðhjartað fólk sem var gengið framhjá, hafi gefið honum matarbita eða kannski smápening því hann var fátækur betlari.



Dag nokkurn var mikil umferð, og heyrði Bartímeus er hópur fólks gekk framhjá. Eitthvað óvenjulegt var að ske og fyrr en varði skildist blinda mannum hvað það var. Jesús frá Nasaret var kominn í bæinn. Hópur fólks safnaðist saman til að sjá hann og heyra.




3

"Jesús, sonur Davíðs, miskunna þú mér!" Hví skyldi Bartímeus hafa hrópað? Af hverju hélt hann að Jesús gæti hjálpað honum? Kannski að hann hafi heyrt að Jesús hafði læknað aðra. Suma heyrnarlausu, suma mállausu, suma örkuðla - og suma blinda eins og hann. "Sonur Davíðs, miskunna þú mér." Hrópaði Bartímeus aftur og aftur með von í röddinni.




4




Eitt var það sem Bartímeus var viss um. Ef hann ekki fengi hjálp núna, gæti þetta verið hans síðasta tækifæri. Kannski mundi Jesús aldrei koma þessa leið aftur.

5



Hann varð að ná sambandi við Jesús. En fólkíð var í veginum. Margir höstuðu á hann og sögðu honum að þegja.


6



En Bartímeus hlustaði ekki, heldur hélt hann áfram að hrópa. Skyndilega nam Jesús staðar og lét kalla á hann. "Vertu hughraustur," sagði fólkíð. "stattu upp, hann er að kalla á þig."


7

Bartímeus reis upp, kastaði af sér yfirhöfn sinni, og kom til Jesús.




8

"Hvað viltu að ég geri fyrir þig?" spurði Jesús. Hverju mundir þú hafa svarað? Mundir þú kannski hafa beðið um peninga, eða ný föt?




9

Nei, Bartímeus blindi vissi hvað hann vildi, og hann var ekki í neinum vafa um hvað það var. "Drottinn, að ég fái aftur sjón mína." Bartímeus þráði að geta séð aftur trén, og fuglana, og alla hina dásamlegu fegurð sköpunar Guðs. Hann vildi geta séð aftur svo hann ekki þyrfti að betla lengur.




10

Þá sagði Jesús við hann, "Far þú heill, trú þín hefur frelsað þig."



11

Jafnskjótt fékk hann sjónina, og fylgdi Jesú. "Jesús er undursamlegur! Hann hefur læknað mig!" sagði Bartímeus.



12

Þegar fólk sá hvað skeð hafði, lofsöng það Jesú. Fólk hafði orðið vitni, einu sinn enn, að hinum undursamlega krafti Jesú, er hann gaf blindum betlara sjón.



13

Jesús læknar blindan mann


Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Markúsi 10, Lúkasi 18, Jóhannesi 9

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

14



50

60

15

Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur, og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilífðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inni líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum deg!

16